**Nd.** **442. Nefndarálit** [144. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisstjórninni í yfirliti frá fjármálaráðuneytinu, dags. 3. þ. m., er nú gert ráð fyrir að einungis 400—500 milljónir króna fáist á innlendum lánsfjármarkaði í stað þeirra tæplega 800 milljóna sem lánsfjáráætlun og lánsfjárlög þessi byggjast á, sbr. fylgiskjal I.

Þau lánsfjárlög, sem hér eru til afgreiðslu, eru því gersamlega óraunhæf samkvæmt mati ríkisstjórnarinnar sjálfrar og allar forsendur lánsfjárlaganna í þessari mynd eru þannig brostnar. Það er því bæði rangt og háskalegt að afgreiða lagafrumvarpið óbreytt og eins og ekkert hafi í skorist. Það vekur falskar vonir, allar áætlanir einstakra stofnana og fyrirtækja verða á röngum forsendum og allur eftirleikur verður þeim mun erfiðari.

Þá hefur komið fram í nefndinni að ríkisstjórnin áformar nú þegar stórfelldar erlendar lántökur umfram lánsfjárlög. Hefur ekki verið gert ráð fyrir þeim lántökum í tengslum við afgreiðslu þessa þingmáls. Hér má nefna lántöku vegna atvinnuveganna, lausaskulda landbúnaðarins og lánsfjár handa sjávarútveginum.

Eins og frumvarpið til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun liggja nú fyrir verður sú áætlun m. a. dregin að ætlunin sé að stórskerða öll húsnæðislán á þessu ári og við það verður alls ekki unað. Þess vegna birtir minni hl. hér á eftir sérstaka greinargerð um húsnæðismál sem dæmi um einn meginþátt lánsfjáráætlunar.

Það sem nú þarf að gera er að endurskoða áætlunina frá grunni á raunhæfum forsendum og endurmeta alla þætti. Með tilliti til þessa og þó einkanlega þess að þau áform, sem birtast í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984, eru gersamlega óraunhæf að mati ríkisstjórnarinnar sjálfrar er lagt til, eins og einsýnt verður að telja, að frv. verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar til endurvinnslu.

Guðrún Agnarsdóttir, þingmaður Samtaka um kvennalista, hefur fylgst með starfi nefndarinnar og stendur að áliti þessu.

Minni hl. leggur því til að **málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 13. mars 1984.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur Einarsson, fundaskr. | Kjartan Jóhannsson, frsm. | Svavar Gestsson. |

Fylgiskjal I: Áætluð staða ríkisfjármála A-hluta 1984.
Fylgiskjal II: Húsnæðismál.
Fylgiskjal II.1: Athugasemdir vegna húsnæðismálakafla lánsfjáráætlunar.
Fylgiskjal II.2: Byggingarsjóður ríkisins. Drög II að áætlun fyrir árið 1984.
Fylgiskjal II.3: Byggingarsjóður verkamanna. Áætlun fyrir 1984.
Fylgiskjal II.4: Svar við bréfi um húsnæðismál.
Fylgiskjal II.5: Bréf frá Húsnæðisstofnun ríkisins til Kjartans Jóhannssonar.
Fylgiskjal III: Tillaga frá fjármálaráðherra sem meiri hl. nefndarinnar vill ekki flytja.
Fylgiskjal IV: Bréf biskups Íslands.
Fylgiskjal V: Flugleiðir, lendingargjöld o. fl.
Fylgiskjal VI: Fiskveiðasjóður Íslands: Greiðsluáætlun 1984.
Fylgiskjal VII: Framlög til sjóða og samanburður við lög.
Fylgiskjal VIII: Bréf Seðlabanka Íslands.
Fylgiskjal IX: Bréf iðnaðarráðuneytis.

## Fylgiskjal I.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
3. mars 1984.

**Áætluð staða ríkisfjármála A-hluta á árinu 1984.**

Að undanförnu hefur verið unnið að endurskoðun á stöðu ríkissjóðs A-hluta á árinu 1984. Í þessari greinargerð er fjallað um:

a) áhrif kjarasamninga á ríkisfjármálin,
b) horfur um tekjur ríkissjóðs,
c) útgjaldahorfur ríkissjóðs og
d) innlenda og erlenda lántöku A-hluta ríkissjóðs.

a) Áhrif kjarasamninga ríkisins við BSRB og BHM eru ámóta og samningur VSÍ og ASÍ. Tekjur ríkissjóðs munu aukast um 200 mkr. á árinu 1984 vegna aukins kaupmáttar og meiri verðlagsbreytinga innanlands en forsendur fjárlaganna fólu í sér. Útgjöld ríkissjóðs vegna launa opinberra starfsmanna og hliðstæðrar hækkunar almannatryggingabóta eru aftur á móti metin alls 220 mkr.

b) Áætlun um ýmsa þætti ríkissjóðstekna á árinu 1984 hefur verið endurmetin. Heildartekjur ríkissjóðs gætu numið um 427 mkr. hærri fjárhæð en fjárlög ársins gera ráð fyrir, þar af 200 mkr. vegna kjarasamninga eða samtals 18 322 mkr. Þjóðhagsstofnun vinnur nú að heildarendurskoðun tekjuáætlunar A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1984 og mun hún liggja fyrir fljótlega.

c) Endurskoðuð áætlun um útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1984 sýnir að heildarútgjöld nemi 20 299 mkr. sem er 2015 mkr. hærri fjárhæð en fjárlög ársins 1984 áforma, þar af um 220 mkr. vegna áhrifa kjarasamninga.

**Í fyrsta lagi** eru útgjöld sem ekki hefur verið gert ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Hér má nefna almannatryggingar, sýslumenn og bæjarfógeta, grunnskóla o.fl. Til þessa flokks má telja 500—600 mkr.

**Í öðru lagi** eru útgjöld sem ekki voru þekkt við afgreiðslu fjárlaga, alls 500—600 mkr. Hér má nefna lán vegna loðnudeildar Verðjöfnunarsjóðs frá 1981 sem fellur á Ríkisábyrgðasjóð, útgjöld vegna Straumsvíkurhafnar, yfirdráttarvextir sem leiða af auknum hallarekstri ríkissjóðs o.fl.

**Í þriðja lagi** útgjöld ríkissjóðs sem áformað var við afgreiðslu fjárlaga að kæmu til lækkunar á árinu 1984. Það eru útgjöld almannatrygginga, alls um 300 mkr., og

Lánasjóður ísl. námsmanna 100 mkr. Þá ákvað ríkisstjórnin að auka niðurgreiðslur á rafhitun um 80 mkr. og horfur eru á að útflutningsbætur af landbúnaðarafurðum reynist hærri en nemur fjárveitingu í fjárlögum. Alls eru þetta um 600 mkr.

d) Áætlað er að opinberir aðilar afli innanlands lánsfjár, alls tæpar 800 mkr., þ.e. til ríkissjóðs 358 mkr. og 437 mkr. til húsnæðislánakerfisins. Í þessari áætlun er hins vegar gert ráð fyrir að 400—500 mkr. aflist á innlendum markaði í stað 800 mkr. og er innlend fjáröflun ríkissjóðs lækkuð um 200 mkr. vegna þessa.

Án aðgerða stefnir í umtalsverðan greiðsluhalla hjá ríkissjóði í árslok 1984. Sá halli gæti numið milli 1,5—2,0 milljörðum króna.

Fjárhæðir í mkr.:

| | Fjárlög 1984 | Breyting | Áætluð staða 31/12'84 |
|---|---|---|---|
| Tekjur | 17 895 | 427 | 18 322 |
| Gjöld | 18 284 | 2 015 | 20 299 |
| Rekstrarafkoma | (389) | (1 588) | (1 977) |
| Lánajöfnuður | 415 | (183) | 232 |
| Viðskiptareikningur | (20) | (80) | (100) |
| Greiðsluafkoma | 6 | (1 851) | (1 845) |

**Fylgiskjal II, 1.**

### Athugasemdir vegna húsnæðismálakafla lánsfjáráætlunar.

I) **Um innstreymi í Byggingarsjóð ríkisins.**

Gert er ráð fyrir venjulegum tekjuliðum í lánsfjáráætlun, auk þess sem nýir liðir koma fram. Við meðferð nefndarinnar hefur fjöldi manna komið til viðtals vegna þessa, meðal annars félagsmálaráðherra. Við yfirferð yfir málin hefur eftirfarandi m. a. komið fram:

**Skyldusparnaður.** Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir því að skyldusparnaður skili um 45 millj. kr. á árinu 1984. Húsnæðisstofnun telur þetta óvarlegt með tilliti til þeirrar öfugþróunar sem hefur átt sér stað í þessum efnum á liðnum árum þar sem skyldusparnaður hefur ekki skilað húsnæðiskerfinu því fjármagni sem gert hafði verið ráð fyrir. Þannig var staðan neikvæð á s. l. ári um 8 millj. kr. og í greinargerð Húsnæðisstofnunar segir að „fyrstu tölur benda til þess að hann sé neikvæður um rúmar 30 millj. kr. Það sem af er febrúar er hann neikvæður um rúmar 5 millj. kr.“ Þess vegna er eðlilegra að miða við áætlun Húsnæðisstofnunar, dags. 7. febrúar s. l. Þarna skakkar því **um 75 millj. kr.** frá lánsfjáráætlun.

**Atvinnuleysistryggingasjóður.** Á undanförnum árum hefur Atvinnuleysistryggingasjóður lánað Byggingarsjóði ríkisins verulega fjármuni samkvæmt lögum. Á síðasta ári brást þessi þáttur í innstreymi í Byggingarsjóð ríkisins og upplýsingar embættismanna benda til þess að svo verði að öllum líkindum einnig í ár. Félagsmálaráðherra fullyrti á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar að ríkissjóður myndi tryggja þetta fjármagn ef Atvinnuleysistryggingasjóður gerði það ekki. Ekkert liggur fyrir um það frá fjármálaráðuneytinu að svo verði gert. Þannig er vert að gera ráð fyrir því að hér vanti í raun **115 millj. kr.** sem ekki koma frá Atvinnuleysistryggingasjóði og ekki er víst að komi frá ríkissjóði. Komi þessir fjármunir frá ríkissjóði eykst fjárvöntun ríkissjóðs sem því nemur.

**Lífeyrissjóðirnir.** Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir 525 millj. kr. frá lífeyrissjóðunum. Hér er um að ræða hækkun frá s. l. ári um 97% á sama tíma og gert er ráð fyrir því að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hækki um minna en 7% milli ára. Hér er augljóslega um að ræða fjarstæðu. Þá hefur borið á því að undanförnu að félagsmenn lífeyrissjóðanna hafa nýtt lánsrétt sinn í vaxandi mæli og er talið að það stafi af almennri lánsfjárkreppu þar sem fólk reynir með lífeyrissjóðslánum að lengja bankalán og önnur skammtímalán sem einstaklingar hafa fengið. Enn fremur hefur verið bent á að lífeyrissjóðirnir eiga nú margra annarra kosta völ en þeirra að kaupa verðtryggð skuldabréf byggingarsjóðanna. Á markaðnum eru sparnaðarbréf af öðrum toga sem skila betri ávöxtun til skemmri tíma, auk þess sem almennur bankasparnaður hefur jafnvel skilað betri ávöxtun að undanförnu en skuldabréf byggingarsjóðanna. Byggingarsjóðirnir eru því ekki lengur samkeppnisfærir um ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Ef gert er ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir skili 400 millj. kr. í Byggingarsjóð ríkisins í ár er þar með um að ræða um 50% hækkun á milli áranna 1983 og 1984. Mjög vafasamt er að gera ráð fyrir mun meiri skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna að ekki sé fastar að orði kveðið. Hér vantar því enn **125 millj. kr.** í áætlunina.

**Sérstök fjáröflun.** Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun að upphæð 200 millj. kr. Í umræðum í nefndinni hafa engar upplýsingar komið fram um það hvernig á að afla þessa fjármagns en vísað er á hugmyndir um að afla lánsfjár innanlands með sérstökum hætti. Það mál verður rætt annars staðar í nefndaráliti þessu, en í þeim áætlunum var gert ráð fyrir 800 millj. kr. í lánsfjáröflun innanlands, þ. e. 358 millj. kr. til ríkissjóðs og 437 millj. kr. til húsnæðislánakerfisins. Nú er gert ráð fyrir að þessi innlenda lánsfjáröflun skili 400—500 millj. kr. þannig að um er að ræða lækkun upp á 300—400 millj. kr. Þessi lækkun kemur bersýnilega niður á húsnæðislánakerfinu, þannig að hér er um að ræða óvissuþátt í útlánagetu þess á árinu að upphæð **200 millj. kr.**

**Afborganir, vextir og vísitala.** Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir því að afborganir, vextir og vísitala af lánum skili í ár um 442 millj. kr., en Húsnæðisstofnun gerir ráð fyrir 485 millj. kr. Ætla verður að tala húsnæðisstjórnar í þessu efni sé nær lagi en áætlunartölur ríkisstjórnarinnar þannig að hér fást **43 millj. kr.** upp í þann vanda sem þegar hefur verið gerð grein fyrir.

**Niðurstaða.** Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir 1 166,6 millj.kr. lánveitingum Byggingarsjóðs ríkisins og að heildarvelta sjóðsins verði 1 543,9 millj. kr. Af þessari heildarveltu má segja að Byggingarsjóður ríkisins hafi örugglega samkvæmt framansögðu liðlega 871 millj. kr. eða um 56.4% af lánsfjáráætluninni. En þar með er ekki öll sagan sögð því að hér hefur aðeins verið rakin tekjuhliðin: Það er mat húsnæðismálastjórnar að í raun þurfi hér mun hærri upphæð eða 269 millj. kr. í viðbót sem færð er í áætlun stofnunarinnar sem „fjárvöntun", þannig að samtals er vandinn enn stærri.

**17% samdráttur — 25% samdráttur.** Í áætlunum Byggingarsjóðs ríkisins fyrir þetta ár um útlán var 7. febrúar gert ráð fyrir heildarútlánum að fjárhæð 1 386 millj. kr. Sú áætlun byggist meðal annars á því að frumlán verði 17% færri í ár en á s. l. ári, það er að um verði að ræða samdrátt frá því ástandi sem stjórnarflokkarnir báðir lofuðu hátíðlega að leysa úr með aðgerðum í húsnæðismálum. Það er því greinilegt að stefna þeirra hefur til þessa stuðlað að samdrætti í húsnæðisbyggingum enda eðlilegt þegar þess er gætt að menn eru nú tveimur árum lengur að vinna fyrir svonefndri staðalíbúð en á síðari hluta ársins 1982. Ef þessari lágmarksáætlun er fylgt telur Húsnæðisstofnun að vanti 269 millj. kr. þótt gert sé ráð fyrir því að tekjustofnarnir sem gerð var grein fyrir hér að framan skili sér allir að fullu —

100%. Þó að þessir tekjustofnar skili sér að fullu verður því enn að skera niður framkvæmdir og gera ráð fyrir að lánin verði ekki aðeins 17% færri en á s. l. ári heldur verði samdrátturinn mun meiri. Nú er rætt um 25% samdrátt í lánum í ár frá 1983. Má því gera ráð fyrir því að samdráttur íbúðabygginga verði verulegur, en að auki er ljóst að það mun ekki duga til. Þess vegna er nú gert ráð fyrir því að enn verði dregið úr útlánum húsnæðislánakerfisins á þessu ári og að reynt verði að draga útborganir lána fram yfir næstu áramót til þess að „teygja á" áætlunum. Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar hefur ekki fengið að fjalla um þessar áætlanir enn þá, en ljóst er að áætlanir húsnæðiskerfisins eru markleysa eins og hér hefur verið rakið.

**Seðlabankinn stöðvar yfirdráttinn.** Á undanförnum árum hefur Húsnæðisstofnunin haft yfirdrátt hjá Seðlabankanum sem hefur verið unnt að gera ráð fyrir þegar þröngt hefur verið í búi hjá Byggingarsjóðunum. Núverandi ríkisstjórn stóð þannig að verki að staða sjóðanna var neikvæð svo nam á þriðja hundrað milljónum króna um áramótin sem kemur enn **til viðbótar** þeim vanda sem áður var rakinn. Af þeim ástæðum hefur Seðlabankinn nú um skeið í raun lokað á frekari yfirdrátt byggingarsjóðanna. Samkvæmt upplýsingum sem fram hafa komið í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar var Byggingasjóður ríkisins neikvæður um 180 millj. kr. um síðustu áramót og Byggingarsjóður verkamanna um 54 millj. kr. Af þessum yfirdrætti hafa sjóðirnir greitt 23% ársvexti frá áramótum.

**Framkvæmdalánin.** Félagsmálaráðherra lýsti því yfir að samkomulag hefði verið gert við lífeyrissjóðina um 40% skuldabréfakaup af byggingarsjóðunum og að slíkt samkomulag hefði verið „handsalað". Fulltrúar lífeyrissjóðanna könnuðust ekki við að bindandi samkomulag lægi fyrir. Í nefndinni skýrði félagsmálaráðherra og frá því að bankarnir ætluðu á þessu ári að yfirtaka svokölluð framkvæmdalán Byggingarsjóðs ríkisins til byggingarsamvinnufélaga og byggingameistara sem eru áætluð alls um 125 millj. kr. Í viðtölum við Helga Bergs bankastjóra í fjárhags- og viðskiptanefnd kom fram að ekki hefur verið „gengið frá neinu samkomulagi við viðskiptabankana um framkvæmdalánin".

**Niðurskurður hjá Byggingarsjóði verkamanna.** Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir því að Byggingarsjóður verkamanna hafi alls um 406 millj. kr. til lánveitinga á þessu ári. Þetta nægir engan veginn til að standa við þá samninga sem þegar hafa verið gerðir við sveitarfélögin, auk þeirra verkefna sem fyrir liggja í endursöluíbúðum og leiguíbúðum, að ekki sé minnst á nýja samninga sem virðast útilokaðir. Sérfræðingar Húsnæðisstofnunar töldu 6. febrúar að 584 millj. kr. til útlána væri lágmark þannig að mismunurinn á lánsfjáráætlun og lágmarkstölu til að standa við skuldbindingar er um 178 millj. kr. Þá er ekki tekið tillit til þess að neikvæð sjóðsstaða var um áramót 38 millj. kr., þannig að samkvæmt lánsfjáráætlun hefur Byggingarsjóður verkamanna alls um 368 millj. kr. en á s. l. ári ráðstafaði sjóðurinn alls í útlán 409 millj. kr.

Í áætlunum lífeyrissjóðanna er gert ráð fyrir að þeir kaupi skuldabréf fyrir 165 millj. kr. af Byggingarsjóði verkamanna. Sjóðirnir keyptu skuldabréf fyrir 117,6 millj. kr. á síðasta ári. Hér er um að ræða hækkun á milli áranna um 40%. Óvarlegt er að gera ráð fyrir svo mikilli hækkun en engu síður verður við það miðað hér að svo fari þar sem forráðamenn margra lífeyrissjóða munu vafalaust leggja áherslu á að halda verkamannabústaðakerfinu gangandi á þessu ári með skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna fremur en að stuðla að enn frekari samdrætti Byggingarsjóðs verkamanna með því að lífeyrissjóðirnir dragi úr skuldabréfakaupum sínum. Nú liggja fyrir umsóknir frá 48 sveitarfélögum um byggingar 514 íbúða. Þar af hafa framkvæmdir við byggingu 168 íbúða, sem stjórn verkamannabústaða í Reykjavík byggir, verið samþykktar, en engin lán hafa verið veitt.

Nú mun ætlun félagsmálaráðuneytisins að fara bónarveg að sveitarstjórnum til þess að dregið verði úr hraða bygginga í verkamannabústöðum. Þá er ætlunin að draga verulega úr samningum um nýtt húsnæði og úr sölu gamalla íbúða í kerfinu. Það síðast nefnda verður til þess að draga úr því að eldri íbúðir seljist og þar með standi þær lengur auðar en þegar er orðið. Eins og kunnugt er hefur það mjög verið gagnrýnt að seint gangi að selja íbúðir í verkamannabústöðum og þær standi lengi ónotaðar. Með þessari lánsfjáráætlun er gengið enn lengra í þessu efni. Til þessa hefur endursala ekki tafist vegna fjárskorts heldur af öðrum ástæðum; nú bætist fjárskortur við sem ástæða fyrir töfum.

Af því sem að framan segir er ljóst að húsnæðislánakerfið er allt í uppnámi vegna fjárskorts, vegna loforða sem ráðherrar hafa gefið án þess að tryggja fjármögnun og vegna þess að fyrirsjáanlegt er að allt kerfið verður skorið enn frekar niður á þessu ári.

Einkum eru þó verkamannabústaðirnir í hættu. Þótt framkvæmdir haldi þar áfram á þessu ári er greinilegt að verulegur samdráttur mun koma fram í verkamannabústöðum og byggingu þeirra næstu misserin. Þar með er ríkisstjórnin að stofna í hættu fjármögnun húsnæðislánanna sem í vaxandi mæli byggjast á því að lífeyrissjóðirnir láni þangað fé. Forsendur þeirra lána voru ákveðnar í kjarasamningunum 1974. Þar var ákveðið að miða við að þriðjungur íbúða yrði reistur með lánsfé á félagslegum grundvelli. Á móti hét verkalýðshreyfingin því að tryggja skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna. Ríkisstjórnin er nú að brjóta þennan samning. Það eykur ekki á bjartsýni um að fjármagn lífeyrissjóðanna skili sér á þessu ári.

**Fylgiskjal II,2.**

**Byggingarsjóður ríkisins.**

Húsnæðisstofnun ríkisins
7. febrúar 1984.

**Drög II að áætlun fyrir árið 1984.**

| | |
|---|---|
| **Innstreymi:** | |
| Ríkissjóður | 200 |
| Skyldusparnaður | -30 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 115 |
| Lífeyrissjóðir | 525 |
| Sérstök fjáröflun | 200 |
| Afborganir, vextir og verðbætur | 485 |
| Tekjur tæknideildar | 17 |
| Annað | 4 |
| | 1 516 |
| ÷ sjóður 1. janúar 1984 | 13 |
| | 1 503 |
| **Útstreymi:** | |
| Rekstrarkostnaður | 44 |
| Afborganir, vextir og verðbætur | 360 |
| Annað | 2 |
| Lán 1984 | 1 366 |
| | 1 772 |
| Fjárvöntun | 269 |

**Lán 1984:**

| | |
|---|---|
| Nýbyggingar (1.+2.+3.hluti) | 600 |
| Eldri íbúðir | 477 |
| Leiguíbúðir fyrir aldraða og dagvistarstofnanir | 65 |
| Viðbyggingar og endurbætur | 75 |
| Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði | 5 |
| Einstaklingar með sérþarfir | 4 |
| Orkusparandi breytingar | 10 |
| Tækninýjungar og rannsóknir | 2 |
| Ýmsir framkvæmdaaðilar | 125 |
| Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga | 3 |
| | 1 366 |

## Athugasemdir.

**Almennt.** Lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 gerir ráð fyrir 1166,6 m.kr. í lán. Skv. þessari áætlun eru aðeins 1097 m. kr. til ráðstöfunar en þyrftu að vera 1366 m.kr. Það er því fjárvöntun um 269 m.kr.

Í september 1983 tók ríkisstjórnin ákvörðun um 50% hækkun lána. Þessi hækkun náði til þeirra sem fengið höfðu lán frá 1. janúar 1982. Sækja þurfti sérstaklega um þessa hækkun vegna áranna 1982 og 1983 en hækkunin kemur sjálfkrafa vegna lána sem veitt eru frá 1. janúar 1984. Fjármagn vegna þessara viðbótarlána hefur komið jafnóðum frá ríkissjóði. Ríkisstjórnin hefur ekki tekið ákvörðun um skiptingu á þessu fjármagni í lánsfé og/eða framlag. Viðbótarlánin koma ekki fram í þessari áætlun (vegna áranna 1982 og 1983).

Í áætluninni er gert ráð fyrir rúmlega 20% verðbólgu.

**Ríkissjóður.** Skv. fjárlögum.

**Skyldusparnaður.** Hann var neikvæður um rúmar 8 m.kr. á árinu 1983. Endanlegt yfirlit fyrir janúar 1984 liggur ekki fyrir en fyrstu tölur benda til þess að hann sé neikvæður um rúmar 30 m.kr. Það sem af er febrúar er hann neikvæður um rúmar 5 m.kr. Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að skyldusparnaðurinn skili 45 m.kr. (nettó).

**Atvinnuleysistryggingasjóður.** Skv. lánsfjáráætlun. Á árinu 1983 áttu að koma 76,3 m.kr. en komu ekki.

**Lífeyrissjóðir.** Á árinu 1983 keyptu þeir skuldabréf fyrir 267,7 m.kr. en eiga að kaupa á árinu 1984 skv. lánsfjáráætlun fyrir 525,4 m.kr., hækkun um 96,3%.

**Sérstök fjáröflun.** Skv. lánsfjáráætlun.

**Afborganir, vextir og verðbætur (inn).** Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir 442,1 m.kr.

**Sjóður 1. janúar 1984.** Endanlegt uppgjör frá veðdeild L.Í. fyrir árið 1983 liggur ekki fyrir. Skv. bráðabirgðauppgjöri er sjóðurinn neikvæður um 13 m.kr.

**Rekstrarkostnaður.** Skv. bráðabirgðauppgjöri hefur hann orðið rúmar 30 m.kr. brúttó á árinu 1983.

**Afborganir, vextir og verðbætur (út).** Lífeyrissjóðirnir með 261 m.kr., Atvinnuleysistryggingasjóður með 18 m.kr., Seðlabanki Íslands 30 m.kr., Ríkissjóður Íslands með 5 m.kr. og 46 m.kr. í dráttarvexti, samtals 360 m.kr.

**Nýbyggingar (1.+2.+3. hluti).** Frumlán vegna 925 íbúða, 17% fækkun frá 1983. Þeir sem ekki hafa átt íbúð fyrir fá lánin í tveimur hlutum, fyrri hlutann mánuði eftir að íbúðin varð fokheld og seinni hlutann 6 mánuðum síðar. Aðrir fá miðað við óbreytt fyrirkomulag.

**Eldri íbúðir.** Gert er ráð fyrir að afgreiða sambærilegt tímabil og undanfarin ár, þ.e. umsóknir innkomnar frá 1. júlí 1983 til júníloka 1984, áætlað 2340 íbúðir á móti um 1950 íbúðum 1983, hækkun um 20%. Þeir sem kaupa sína fyrstu íbúð fá allt að helming af nýbyggingarláni, aðrir fá um 20% af nýbyggingarláni. Lánin verða útborguð í einu lagi.

**Leiguíbúðir fyrir aldraða og dagvistarstofnanir.** Skv. þegar gerðum samþykktum er búið að ráðstafa um 34 m.kr.

**Viðbyggingar og endurbætur.** Á árinu 1983 voru veitt lán að fjárhæð um 35 m.kr. vegna 257 íbúða.

**Fylgiskjal II,3.**

**Byggingarsjóður verkamanna.**

Húsnæðisstofnun ríkisins
Reykjavík, 6. febr. 1984.

**Áætlun fyrir 1984.**

| | millj.kr. |
|---|---|
| **Innstreymi.** | |
| Ríkissjóður | 200 |
| Sveitarfélög | 56 |
| Kaupendur eldri íbúða | 24 |
| Afborgun, vextir, verðbætur | 63 |
| Lánsfjáráætlun | 165 |
| | 508 |
| Staða um áramót | ÷38 |
| | 470 |
| **Útstreymi.** | |
| Rekstrarkostnaður | 14 |
| Afborganir, vextir, verðbætur | 40 |
| Lánveitingar | 584 |
| | 638 |
| **Fjárvöntun** | **168** |
| **Lán 1984.** | |
| Þegar gerðir samningar | 374 |
| Nýir samningar | 100 |
| Endursöluíbúðir | 110 |
| | 584 |

Í áætlun frá 7. nóv. 1983 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir kaupi skuldabréf fyrir 200,0 m.kr., í lánsfjáráætlun breytist fjárhæðin í 164,6 m.kr.

Við uppgjör í Byggingarsjóði verkamanna vegna ársins 1983 breyttust forsendur vegna eftirfarandi liða í áætlun ársins 1984:

1) Rekstrarkostnaður.
2) Afborgun til lífeyrissjóða vegna skuldabréfakaupa þeirra hjá sjóðnum.
3) Kostnaður vegna endursöluíbúða.

Í áætlun frá 6. febr. 1984 er eftirfarandi breytt frá áætlun 7. nóv. 1983:

1) Verðbólga er áætluð ca. 20% en var 30%.
2) Nýir samningar eru vegna 158 íbúða en voru 300 í fyrri áætlun.

Aðrar forsendur eru óbreyttar.

Nýir framkvæmdalánssamningar á árinu 1983 voru vegna 158 íbúða.

## Byggingarsjóður verkamanna.
## Áætlun til 1984.
Millj.kr.

| | jan. | febr. | mars | apríl | maí | júní | júlí | ágúst | sept. | okt. | nóv. | des. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Sjóður í upphafi mánaðar | −38 | −37 | −38 | −46 | −49 | −54 | −63 | −77 | −94 | −138 | −147 | −161 | |
| **2. Innstreymi:** | | | | | | | | | | | | | |
| Frá ríkissjóði | 10 | 12 | 15 | 16 | 16 | 17 | 18 | 18 | 20 | 19 | 19 | 20 | 200 |
| Frá lífeyrissjóðum | 15 | 16 | 10 | 16 | 12 | 10 | 7 | 7 | 15 | 20 | 15 | 22 | 165 |
| Framlag sveitarfélaga | 3 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 6 | 6 | 56 |
| Kaupendur eldri íbúða | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 2 | 1 | 3 | 2 | 3 | 2 | 2 | 24 |
| Annað | 3 | 4 | 4 | 4 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 63 |
| Innstreymi alls: | 33 | 38 | 35 | 42 | 39 | 40 | 37 | 39 | 48 | 53 | 48 | 56 | 508 |
| Innstreymi + sjóður: | −5 | +1 | −3 | −4 | −10 | −14 | −26 | −38 | −46 | −85 | −99 | −105 | |
| **3. Útstreymi:** | | | | | | | | | | | | | |
| Verkamannabústaðir og leiguíbúðir | 22 | 27 | 28 | 29 | 29 | 31 | 34 | 33 | 35 | 36 | 35 | 35 | 374 |
| Nýjar framkvæmdir | — | — | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 12 | 14 | 15 | 16 | 100 |
| Endursölur | 8 | 10 | 10 | 8 | 6 | 8 | 7 | 12 | 10 | 11 | 10 | 10 | 110 |
| Annað | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 35 | 1 | 2 | 2 | 54 |
| Útstreymi alls: | 32 | 39 | 43 | 45 | 44 | 49 | 51 | 56 | 92 | 62 | 62 | 63 | 638 |
| Sjóður í mánaðarlok: | −37 | −38 | −46 | −49 | −54 | −63 | −77 | −94 | −138 | −147 | −161 | −168 | |

## Byggingarsjóður verkamanna.
## 1984.

| | Áætlun 6.febr.1984 | Áætlun miðuð við lánsfjáráætlun |
|---|---|---|
| **Innstreymi:** | | |
| Ríkissjóður | 200 | 200 |
| Sveitarfélög | 56 | 34 |
| Kaupendur eldri íbúða | 24 | 21 |
| Afborgun, vextir, verðbætur | 63 | 36 |
| | 165 | 165 |
| | 508 | 456 |
| Staða um áramót | ÷38 | |
| | 470 | |
| **Útstreymi:** | | |
| Rekstrarkostnaður | 14 | 14 |
| Afborganir, vextir, verðbætur | 40 | 40 |
| Lánveitingar | 584 | 364 |
| | 638 | 418 |
| | | +38 |
| **Fjárvöntun** | **168** | |
| **Lán 1984.** | | |
| Þegar gerðir samningar | 374 | 264 |
| Nýir samningar | 100 | — |
| Endursöluíbúðir | 110 | 100 |
| | 584 | 364 |

Byggingarsjóður verkamanna var í 38,0 m.kr. skuld við Seðlabanka Íslands um áramót 1983—84. Gert er ráð fyrir endurgreiðslu.

**Fylgiskjal II,4.**

**Svar við bréfi um húsnæðismál, dags. 1. febrúar 1984.**

Húsnæðisstofnun ríkisins.
Reykjavík, 16. febrúar 1984.

Félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis
hr. Þorsteinn Pálsson formaður.

1. **Fjöldi umsókna sem fyrir liggja.**

a. **Byggingarsjóður ríkisins um sl. áramót:**

| | |
|---|---|
| Nýbyggingar | 1500 umsóknir |
| Eldri íbúðir | 1400 umsóknir |
| Meiri háttar viðgerðir | 330 umsóknir |
| Orkusparandi viðgerðir | 150 umsóknir |
| | 3380 umsóknir |

Fyrir eindagann 1. febrúar s.l. komu 450 umsóknir frá einstaklingum um lán til nýbygginga. Einnig komu bráðabirgðaumsóknir frá byggingaraðilum vegna 1100 íbúða. Um framkvæmdalán sóttu þó nokkrir aðilar til byggingar íbúða til sölu á frjálsum markaði og til byggingar leigu- og söluíbúða fyrir aldraða.

b. **Byggingarsjóður verkamanna:**

Fyrir liggja umsóknir frá 48 sveitarfélögum vegna byggingar 514 íbúða. Þar af hafa framkvæmdir við byggingu 168 íbúða, sem stjórn verkamannabústaða í Reykjavík byggir, verið samþykktar en engin lán hafa verið veitt.

2. **Fjárhagsstaða til að mæta umsóknum.**

a. **Byggingarsjóður ríkisins:**

Skv. lánsfjáráætlun hefur sjóðurinn 1166,6 m.kr. til ráðstöfunar til lánveitinga á árinu 1984. Þar er m.a. gert ráð fyrir 45 m.kr. frá skyldusparendum (nettó) en þessi liður var neikvæður um rúmar 8 m.kr. á árinu 1983.

Frá Atvinnuleysistryggingasjóði eiga að koma 115 m.kr. en á árinu 1983 áttu að koma rúmar 76 m.kr. en komu ekki. Lífeyrissjóðirnir eiga að kaupa skuldabréf fyrir 525,4 m.kr. en keyptu fyrir 267,7 m.kr. á árinu 1983, aukning um 96,3%. Einnig er gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun að fjárhæð 200 m.kr. Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda nýbygginga og á árinu 1983.

Um þessi mál eru stofnunin og félagsmálaráðuneytið að fjalla þessa dagana.

b. **Byggingarsjóður verkamanna:**

Skv. lánsfjáráætlun hefur sjóðurinn 405,6 m.kr. til ráðstöfunar til lánveitinga á árinu 1984. Þá er ekki tekið tillit til sjóðsstöðu um s.l. áramót sem var neikvæð um 38 m.kr. Ef ekki kemur meira fjármagn til sjóðsins þá er ljóst að um samdrátt verður að ræða á þessu ári.

**3. Veitt lán (fjöldi íbúða) s.l. 3 ár.**

**a. Byggingarsjóður ríkisins:**

| Fjöldi íbúða | 1981 | 1982 | Bráðab. tölur 1983 |
|---|---|---|---|
| Nýbyggingar (frumlán) | 1072 | 1182 | 1044 |
| Eldri íbúðir | 2183 | 2132 | 1944 |
| Leiguíbúðir fyrir aldraða (konverteringar) | 6 | 4 | 24 |
| Viðbyggingar og endurbætur | 159 | 369 | 257 |
| Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði | 33 | 30 | 34 |
| Einstaklingar með sérþarfir | 73 | 71 | 28 |
| Orkusparandi breytingar | 189 | 104 | 71 |
| Ýmsir framkvæmdaaðilar (konverteringar) | 60 | 193 | 165 |
| Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga (konverteringar) | 138 | 130 | 48 |
| Verkamannabústaðir (konverteringar) | 36 | | |
| Samtals | 3949 | 4215 | 3615 |

**b. Byggingarsjóður verkamanna:**

| Fjöldi íbúða | 1981 | 1982 | Bráðab. tölur 1983 |
|---|---|---|---|
| Nýbyggingar | 205 | 304 | 158 |
| Endursöluíbúðir | 176 | 177 | 192 |
| Samtals | 381 | 481 | 350 |

Virðingarfyllst,
f.h. Húsnæðisstofnunar ríkisins,
Hilmar Þórisson.

**Fylgiskjal II,5.**

**Bréf Húsnæðisstofnunar ríkisins til Kjartans Jóhannssonar.**

Húsnæðisstofnun ríkisins.
Reykjavík, 5. mars 1984.

Hr. Kjartan Jóhannsson alþingismaður,
Alþingi.

**Varðar húsnæðismál.**

Skv. áætlun stofnunarinnar frá 7. febrúar s.l. eru 1097 m.kr. til ráðstöfunar í lán úr Byggingarsjóði ríkisins á árinu 1984. Húsnæðismálastjórn hefur ekki skipt þessu fjármagni milli lánaflokka. Ljóst er að einhverjar frestanir á lánveitingum verða að eiga sér stað til ársins 1985. Húsnæðismálastjórn hefur ekki tekið á því máli. Það mætti hugsa sér að fresta 1.

hluta lána til þeirra sem gera fokhelt frá 1. júlí og ekki eiga íbúð fyrir. Skv. hefðum og venjum ættu þeir að fá 1. hlutann til greiðslu í nóvember/desember nk. Ef þessari lánveitingu yrði frestað myndi sjóðurinn afgreiða fyrri hluta 1. hluta vegna 700—800 íbúða á árinu 1984 miðað við áætlun frá 7. febrúar s.l.

Einnig mætti fresta lánveitingum til þeirra sem leggja inn umsóknir til kaupa á eldra húsnæði frá 1. apríl til júníloka nk. Þá mundi sjóðurinn afgreiða lán (G-lán) vegna 1850—1900 íbúða á árinu 1984 miðað við áætlun frá 7. febrúar s.l.

Vonandi er þetta fullnægjandi svar við fyrirspurn yðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Húsnæðisstofnunar ríkisins,
Hilmar Þórisson.

**Leiðrétting.**

Húsnæðisstofnun ríkisins.

Hr. Kjartan Jóhannsson alþingismaður,
Alþingi.

**Varðar húsnæðismál.**

Í bréfi til yðar, dags. 8. mars s.l., um húsnæðismál er talað um að hugsanlegt væri að fresta lánum til þeirra sem gera fokhelt eftir 1. júlí n.k. og ekki eiga íbúð fyrir. Þetta er ekki rétt. Þarna átti að standa „sem gera fokhelt frá 1. júlí nk. til septemberloka og eiga íbúð fyrir". Skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar eiga þeir aðilar, sem enga íbúð eiga fyrir og hafa ekki átt, að fá lánin í tveimur hlutum, fyrri hlutann mánuði eftir að íbúðin varð fokheld og seinni hlutann 6 mánuðum síðar.

Beðið er afsökunar á þessum mistökum.

Virðingarfyllst,
f.h. Húsnæðisstofnunar ríkisins,
Hilmar Þórisson.

**Fylgiskjal III.**

**Tillaga frá fjármálaráðherra sem meiri hl. nefndarinnar vill ekki flytja.**

Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Breytingartillaga við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Á eftir 27. gr. komi ný grein er verði 28. gr. í II. kafla frumvarpsins og hljóði svo:

